

Verkefni: Stjórnarfundur Gíggunnar
Dagsetning fundar: 13. júní 2008
Tímasetning fundar: kl. 17:15 – 19:30
Fundarstaður: Amokka, Borgartúni, Reykjavík

Stjórnarmenn / fundarmenn:

Sigrún Óskarsdóttir (SÓ)	Formaður	Mætt
Dagbjört Sigurbergisdóttir (DS)	Varaformaður	Mætt
Heiða Gunnarsdóttir (HG)	Ritari	Fjarverandi
Puríður Pétursdóttir (PP)	Gjaldkeri	Mætt
Þorgerður Valdimarsdóttir (ÞV)	Meðstjórnandi	Mætt
Margrét Bóasdóttir (MB)	Verndari	Fjarverandi

Fundarefni og helstu niðurstöður fundar:**1. Landsmótslögin**

SÓ mun hafa samband við tónskáldin þrjú: Sigurð Sævarsson, Tryggva M. Baldvinsson og Þóru Marteinsdóttur fyrir næsta stjórnarfund til að fá heimild frá þeim til þess að setja tónverkin á læst svæði á netinu. Málið er í vinnslu.

2. Útgáfa aðildarkóranna / geisladiskalistinn á vefsetrinu

DS mun bera saman upplýsingar á útgefnum geisladiskum á vefsetrinu, fyrir næsta stjórnarfund sem haldinn verður 24. ágúst 2008. Ganga þar úr skugga um hvort búið er að gera sérstaka síðu um alla diska sem hafa verið gefnir út af aðildarkórum Gíggunnar. Ef að það vantar upplýsingar um einhverja diska þá þarf að bæta úr því sem fyrst. Málið er í vinnslu.

3. Kórar í stjórn frá upphafi / það vantar í stjórn Gíggunnar

Á næsta aðalfundi ganga tvær konur úr aðalstjórn og í varastjórn vantar þrjár konur. SÓ hefur gert lista yfir þá kóra sem átt hafa fulltrúa í stjórn Gíggunnar frá upphafi. Þrír kórar hafa átt fulltrúa í aðalstjórn frá upphafi; Kvennakór Hafnarfjarðar, Kvennakór Reykjavíkur og Vox Feminae. Alls hafa fimm kórar til viðbótar átt fulltrúa í stjórn Gíggunnar; Kvennakór Suðurnesja, Freyjukórinn, Kvennakór Hornafjarðar, Gospelsystur Reykjavíkur og Kyrjurnar. Kvennakór Garðabæjar og Kyrjukórinn Þorlákshöfn hafa átt fulltrúa í varastjórn. Ákveðið var að SÓ skrifaði bréf til allra aðildarkóra Gíggunnar, sem sent verður eftir miðjan ágúst næst komandi, til þess að auglýsa eftir konum í stjórn. Bréfið verður sent út á póstlista Gíggunnar.

4. Styrktarsjóður Gíggunnar

Gera þarf skýrar reglur um hvað gert verður við fjármagnið sem sambandið fær í sinn hlut frá SFH. Miklar umræður sköpuðust og voru konur ekki allar á einu máli. Ákveðið var að taka málið föstum tókum á næsta stjórnarfund og hafa þann fund langan; einskonar vinnudag. Stjórnarkonur munu allar leggja höfuðið í bleyti fram að þeim fundi og koma með rökstuddar tillögur um það hvernig ber að nýta þessa peninga sem best til handa aðildarkórum landssambandsins.

5. Skrifa undir nýju lögin

Fundarmenn skrifuðu undir lög Gíggunnar og DS tekur að sér að ná í HG til að láta hana skrifa undir. DS mun fara með lög Gíggunnar til þess að láta þinglýsa þeim og einnig skila þeim inn til Fyrirtækjaskrár.

6. Musica Nova (Nýsköpunarsjóður tónlistar)

Ákveðið hefur verið að Gígjan sækji um styrk til Musica Nova – Nýsköpunarsjóðs tónlistar í haust. Tilgangur sjóðsins er m.a. að stuðla að nýsköpun metnaðarfullrar íslenskrar tónlistar. Auglýst verður í nóvember eftir umsóknum og verða stjórnarmenn að vera vel á varðbergi þegar auglýsingin birtist. ÞP kom með þá hugmynd að sækja um styrk fyrir tónverki sem samið yrði sérstaklega fyrir Gíggjunnar, tileinkað 8. mars 2009 sem er alþjóðlegur kvennadagur. Hugmyndin var rædd og ákveðið var að fá kvenntónskáld til verksins. Sækja þarf um styrk fyrir ákveðnu tónverki. ÞP tók að sér að sjá um umsóknina til Musica Nova. Málið er í vinnslu.

Nánari upplýsingar um Musica Nova er að finna hér:

<http://www.rvk.is/desktopdefault.aspx/tabid-490/>

7. Landsmótsupplýsingar

Einungis er eftir að fá upplýsingar um Landsmótið 1992 sem haldið var í Ýdöllum. Beðið er eftir upplýsingum frá MB. Upplýsingar um öll önnur landsmót sem haldin hafa verið frá upphafi eru nú aðgengilegar inn á vefsetri sambandsins.

8. Myndir frá stofnfundi Gíggjunnar

ÞP hefur tekið að sér að fara í gegnum myndasafn á Mbl.is og finna mynd sem tekin var á stofnfundi Gíggjunnar 5. apríl 2003. Nauðsynlegt er að finna myndir og aðrar heimildir frá þessum fundi með það að markmiði að koma þeim fyrir inn á vefsetrinu. Málið er í vinnslu.

9. Kórar utan Gíggjunnar

Fjórir kvennakórar (sem vitað er um) standa í dag utan landssambandsins en það eru; Kvennakór Siglufjarðar, Kvennakór Háskóla Íslands, Íslenski Kvennakórinn í Kaupmannahöfn og Regnbogakonur. Þessum kórum verður öllum sent bréf næsta haust og þeim boðin innganga í Gíggjuna. Vitað er að Regnbogakonur eru í fríi. Eins kom upp umræða um Senjorítur Kvennakórs Reykjavíkur hvort ekki væri eðlilegt að bjóða þeim einnig inngöngu í landssambandið. ÞP kannaði málið og eru Senjorítturnar innan vébanda Kvennakórs Reykjavíkur og eru því þegar í sambandinu sem hluti af Kvennakór Reykjavíkur.

10. Fyrirlestur á aðalfundi í haust

Næsti aðalfundur verður haldinn fyrir 1. nóvember 2008 eins og lög Gíggjunnar kveða á um og hefur komið upp sú hugmynd að hafa fræðslu í tengslum við fundinn. Ýmsar hugmyndir voru ræddar og ákveðið var að stefna að því að hafa fræðslu um liðsheild kóra og hlutverk stjórna og þau flóknu verkefni sem oft lenda inn á borðum stjórna kóranna. SÓ tók að sér að athuga með fyrirlesara frá t.d. samtökunum ITC. Málið er í vinnslu.

11. Hækkun félagsgjalda á næsta aðalfundi

Á síðasta aðalfundi 2007 var talað um að hækka félagsgjöld Gíggjunnar og ákveðið að bíða með þá hækkun þar til á aðalfundi 2008. Rætt var um hve mikil hækkun verður og hvort greiðslufyrirkomulagi verði breytt. Hugmynd er um að hafa fast gjald á hvern kór (nýtt) og fast gjald á hverja starfandi konu í kórnum (eins og verið hefur). Ákveðið var að leggja höfuðið í bleyti fram að næsta stjórnarfund. Málið er í vinnslu.

12. Könnun vegna kórgjalda

ÞV á eftir að hringja í sína kóra og DS mun senda sínar niðurstöður til HG ritara um hæl. Málið er í vinnslu. Stefnt er að því að koma þessum upplýsingum út til kóranna í lok júní.

Ákveðið var að halda næsta stjórnarfund Gíggjunnar, sunnudaginn 24. ágúst kl: 10.00.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:30.

Ritari fundargerðar: Sigrún Óskarsdóttir.